Skýrsla stjórnar 2025–2026

Deild leiðsögufólks í VR · aðalfundur 2026
Halldór Kolbeins, formaður

Velkomin á aðalfund

Fyrsta heila starfsár deildarinnar innan VR er að baki. Starfið hefur fengið fastari farveg frá millibilsástandinu sem við ræddum á síðasta aðalfundi.

16

stjórnarfundir
frá 12. júní 2025

56

mál á borði stjórnar
26 þeirra lokið

480

félagar í deildinni
raunfjölgun um 58 eftir afskráningu 61

Mæting aðalmanna var 75%

Frá upphafi

12.6.2025 – 12.10.2026

16
stjórnarfundir

75%
mæting aðalmanna

Staðfundir / fjarfundir	**7 / 9**
Kjörin sæti (5)	**81%**
Skipuð sæti (2)	**59%**
Mönnuð sæti að meðaltali	**6,3 af 7**
Fullskipaðir fundir	**9 af 16**

Frá síðasta aðalfundi

4.11.2025 – 12.10.2026

12
stjórnarfundir

75%
mæting aðalmanna

Staðfundir / fjarfundir	**6 / 6**
Kjörin sæti (5)	**80%**
Skipuð sæti (2)	**62%**
Mönnuð sæti að meðaltali	**6,2 af 7**
Fullskipaðir fundir	**6 af 12**

Skipan stjórnar

Sjö sæti: fimm kjörin af félagsfólki og tvö skipuð af fagfélögum. Tveir fyrstu kjörnu varamenn eru boðaðir á alla fundi; skipaðir varamenn aðeins forfallist þeirra aðalmaður.

Kjörin sæti (5)

Halldór Kolbeins, formaður
Þór Bínó Friðriksson, varaformaður
Pétur Gauti Valgeirsson
Jens Ruminy
Örvar Már Kristinsson (í stað Hildar Þallar)

Kjörnir varamenn

Bryndís Kristjánsdóttir
Björn Júlíus Grímsson (í stað Báru Kristínar)

Skipað sæti · Félag ökuleiðsögumanna

Aðalmaður: **Jón Páll Baldvinsson**
Varamaður: Daði Hrólfsson
Formaður félagsins: Óskar Grímur Kristjánsson

Skipað sæti · Félag fjallaleiðsögumanna á Íslandi (AIMG)

Aðalmaður: **Soffía Sóley Helgadóttir (áður Haraldur Þorvaldsson)**
Varamaður: Silvia Migliavacca
Formaður félagsins: Íris Ragnarsdóttir Pedersen

Breytingar á stjórn


1. **Hildur Þöll Ágústsdóttir sagði sig úr stjórn í október 2025**
   af persónulegum ástæðum. Örvar Már Kristinsson tók sæti hennar og Þór Bínó Friðriksson var kosinn varaformaður 11. nóvember 2025.

2. **Soffía Sóley Helgadóttir tók sæti fjallaleiðsögumanna (AIMG)**
   af Haraldi Þorvaldssyni eftir formannsskipti í félaginu.

3. **Bára Kristín Pétursdóttir sagði sig úr varastjórn í lok sumars 2026**
   af persónulegum ástæðum. Björn Júlíus Grímsson tók sæti hennar.

4. **Á þessum aðalfundi er kosið um formann og tvö sæti í stjórn**
   Jens Ruminy gefur ekki kost á sér áfram og kosið er í hans sæti og sæti Hildar Þallar Ágústsdóttur. Að fundi loknum verður Örvar Már Kristinsson aftur fyrsti varamaður og Björn Júlíus Grímsson verður þriðji varamaður. Nánar verður farið yfir þau mál síðar á fundinum.

56 mál tekin fyrir í stjórn



26 af 56 málum er lokið

Kjaramál
2 ný frá síðasta aðalfundi · 2 lokið
6

Vinnustaðaeftirlit
2 ný frá síðasta aðalfundi · 0 lokið
4

Menntun og starfsleyfi
3 ný frá síðasta aðalfundi · 4 lokið
8

Fræðsla og félagsstarf
5 ný frá síðasta aðalfundi · 2 lokið
8

Upplýsingamiðlun og sýnileiki
9 ný frá síðasta aðalfundi · 5 lokið
13

Nefndir og samstarf
6 ný frá síðasta aðalfundi · 3 lokið
7

Innra starf
4 ný frá síðasta aðalfundi · 10 lokið
10


Staða mála eftir málaflokkum

26
Lokið
46% mála

14
Í vinnslu
25% mála

8
Ekki framkvæmt
14% mála

8
Ný mál
ekki enn tekin fyrir



Menntun og starfsleyfi

LOKIÐ

Vottun leiðsögunáms

EHÍ, Ferðamálaskólinn, MK og Símenntun HA stóðust úttekt BSI (ÍST EN 15565). Viðurkenningar í febrúar 2026.

LOKIÐ

Raunfærnimat

12–13 í skimun hjá Mími, þrjú í mat í júní 2026. Allt að 7–8 áfangar metnir; þau gátu hafið nám í haust.

LOKIÐ

Siðareglur

Reglurnar sem vísað var til stjórnar á síðasta aðalfundi hafa verið endurskoðaðar.

Í VINNSLU

Starfsleyfisskylda

Hófst hjá Leiðsögn 2024. SWOT-greining og yfirlit yfir Evrópu liggja fyrir; vinnan heldur áfram.

Í VINNSLU

Starfslýsingar

Rætt við Starfsmenntasjóð verslunar- og skrifstofufólks (SVS) og Hæfnisetur um endurskoðun og nýjar lýsingar.

Í VINNSLU

Kynningar í skólum

Kynningin er tilbúin og farið hefur verið í tvo skóla.

Raunfærnimat leiðsögufólks

12–13
í skimunarviðtal
hjá Mími, maí 2026

3
í raunfærnimat
júní 2026

7–8
áfangar metnir

1. **Undirbúningur**
   Unnið í samstarfi við MK og Mími. Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks (SVS) styrkti gerð matslista.


2. **Fyrsta matið hjá Mími**
   Skimun 19.–29. maí og mat 9.–24. júní 2026, miðað við námskrá Leiðsöguskólans í MK.

3. **Nám í haust**
   Þátttakendurnir gátu hafið nám haustið 2026.

Það sem þarf að hafa í huga

- Matið kostar 235.000 kr. og er styrkhæft úr starfsmenntasjóði.

Kjaramál: kjarabrotamálum hefur fækkað



Stofnuð mál leiðsögufólks, 1. okt.–30. sept.

34
ný mál
55 árið áður

2,58%
af málum kjaramálasviðs
af 1.316; 4,5% í fyrra

7
mál opin
21 í fyrra; 2 frá 2025

5
mál hjá lögmanni
3 í fyrra; 1 frá 2025, 1 frá 2024

Leiðsögufólk er um 1,16% félagsfólks VR (480 af 41.300). Málin eru afgreidd á kjaramálasviði VR og eru komin í fastan farveg.

Kjaramál: forsendubrestur kjarasamnings

1

Framkvæmdastjóri VR á fundum stjórnar

Stefán Sveinbjörnsson hefur komið á fundi stjórnar og farið yfir stöðu kjarasamninga með tilliti til forsenduákvæðisins.

2

Stjórn tók afstöðu 30. september 2026

Yrði aðalkjarasamningi VR sagt upp vegna forsendubrests yrði samningi leiðsögufólks einnig sagt upp.

3

Samningar náðust þó 8. október 2026

VR, LÍV og fagfélögin náðu samkomulagi við SA. Kjarasamningar halda gildi sínu til febrúar 2028.

4

Niðurstaðan kynnt 12. október

Framkvæmdastjóri kom aftur á fund stjórnar og fór yfir niðurstöðuna.

Niðurstaðan

- Aðgerðapakki stjórnvalda um réttindamál, húsnæðismál og févíti.
- Nýtt forsenduákvæði í október 2027.
- Starfsleyfisskylda leiðsögufólks er komin á lista stjórnvalda yfir mál sem fylgja á eftir.

Kjaramál: bókanir í kjarasamningi

Í kjarasamningnum eru fjórar bókanir frá 2024:

Hæfnigreiningar og fagbréf

Skilgreina hvaða störf falla undir samninginn.

Veikindaréttur

Ferða- og verkefnaráðið starfsfólk.

Gerviverktaka

Vinna gegn gerviverktöku í greininni.

Gæða- og öryggismál

Vinnuumhverfi og öryggi leiðsögufólks.

Staðan

- Kjaramálasvið VR tók saman stöðu bókananna og fundir voru haldnir með SA og SAF í júní 2026.
- Stjórnin hefur rætt hvernig best sé að standa að næstu kjarasamningslotu.
- Báðir aðilar stefna að því að samtalið um bókanir hefjist eftir áramót, að öllu óbreyttu.

Kjaramál: gerviverktaka

1 **SA vill samstarf**
SA hefur lýst vilja til samstarfs ef tillögur liggja fyrir.

2 **Reiknivélar á vr.is**
Reiknivél fyrir verktaka var birt og sambærileg reiknivél fyrir launafólk er komin á vr.is.

3 **Verktakagreiðslur hafa lagast**
Atvinnurekendur eru farnir að nota reiknivélina.

4 **Helgargreiðslur ekki í lagi**
Greiðslur fyrir helgar eru enn ekki komnar í lag.

20–30%

verktakaálag
en þyrfti að vera um 50%

Úr skýrslu ASÍ um eftirlitsátakið 2025: þóknun verktaka er oft aðeins 20–30% yfir taxta.

Vinnustaðaeftirlit

Eftirlitið hófst árið 2024 með ferð í Landmannalaugar. Skýrsla ASÍ um átakið sumarið 2025, sem var að frumkvæði VR, kom út í febrúar 2026.

404
viðmælendur
á 8 dögum á 5 stöðum

325
fyrirtæki
kennitölur skráðar

42
óskráð fyrirtæki
ekki í fyrirtækjaskrá

20–30%
verktakaálag
en þyrfti að vera um 50%

Kínverskir fararstjórar

Undanþegnir atvinnuleyfi til starfa sem fararstjórar samkvæmt ADS-samkomulaginu en sinntu ítrekað leiðsögn.

Í framhaldinu

- Farið yfir skýrsluna með Skattinum og lögreglu vorið 2026.
- Átakið kynnt ferðaskrifstofunefnd SAF í júní 2026.
- Eftirlitið 2026 náði m.a. til Keflavíkurflugvallar, Landmannalauga og Hraunfossa.
- Minnisblað um kínverska hópstjóra sem sinna leiðsögn, september 2026.

FEG: Evrópusamtök leiðsögumannafélaga

Helsti erlendi samstarfsvettvangur deildarinnar. Ákveðið var að halda aðildinni áfram eftir sameininguna.

1

Nóvember 2024: Björn Júlíus Grímsson

Skipaður í verkefnið þegar hann sat í stjórn Leiðsagnar.

2

Nóvember 2025: Björn Júlíus Grímsson

Fór aftur í millibilsástandinu sem skapaðist við sameiningu félaganna.

3

Nóvember 2026: Bryndís Kristjánsdóttir

Stjórnin ákvað að senda fulltrúa úr eigin röðum á ráðstefnuna í Portó 17.–22. nóvember. Bryndís er varamaður í stjórn og situr alla stjórnarfundi.

Hvernig FEG nýtist

- Yfirlit yfir leyfi leiðsögufólks í Evrópu: 13 af 27 ESB-löndum hafa lögverndaða leiðsögn. Grunnur að vinnu við starfsleyfisskyldu.
- Niðurstaða Björns eftir ráðstefnurnar var að starfsumhverfi leiðsögufólks hér sé með því lakasta í Evrópu hvað varðar leyfi, skráningu og eftirlit, en að hér sé líka tækifæri til að gera starfið að viðurkenndu aðalstarfi.

„Ef við ætlum að gera menntun hærra undir höfði hér þarf að gera menntaða leiðsögumenn sýnilegri og bjóða upp á nám á ensku.“

Björn Júlíus Grímsson, eftir FEG-ráðstefnuna 2025

Formaður þakkar Birni fyrir hans framlag í FEG-starfinu.

Helstu niðurstöður

Ísland er sér á báti

Eitt veikasta starfsumhverfi leiðsögufólks í Evrópu: engin leyfisskylda, lítið eftirlit.

13 ESB-lönd krefjast leyfis

Nám, próf, tungumálakunnátta og leyfiskort eru skilyrði.

Sömu vandamál og hér

Þar sem leyfisskyldu vantar: „sjóræningjar“, ómenntuð leiðsögn og lægri laun.

Lönd snúa við

Armenía tekur upp lögverndun aftur; Portúgal, Þýskaland og Austurríki gera menntun sýnilega.

Danmörk er víti til varnaðar

Skólinn lagðist af; fyrirtæki menntar eigið fólk á um 40% lægri launum.

Leiðin fram á við

Sýnileiki menntaðs leiðsögufólks og nám á ensku, að mati Björns.

Leyfisskylda í Evrópu: fjórir flokkar

13 lönd

Leyfisskylda innan ESB

Austurríki, Króatía, Kýpur, Frakkland, Grikkland, Ungverjaland, Ítalía, Litháen, Malta, Rúmenía, Slóvakía, Spánn, Slóvenía

5 lönd

Ströng leyfisskylda utan ESB

Tyrkland, Serbía, Svartfjallaland, Bosnía og Hersegóvína, Albanía

Ísland hér

Hlutbundin reglugerð

Ísland, Noregur, Bretland, Sviss, N-Makedónía, Liechtenstein. Söfn og minjastaðir setja eigin kröfur.

14 lönd

Engin leyfisskylda á landsvísu

Belgía, Búlgaría, Tékkland, Danmörk, Eistland, Finnland, Þýskaland, Írland, Lettland, Lúxemborg, Holland, Pólland, Portúgal, Svíþjóð

Heimild: yfirlit Bryndísar (nóv. 2025), unnið með gervigreind; þarf að sannreyna áður en vitnað er opinberlega.

Hvað þarf til að fá leyfi?

Algengar kröfur í leyfislöndunum

- Framhaldsskólapróf, stundum sérhæfð menntun í ferðamálum
- Viðurkennt leiðsögunám (1–2 ár eða 200–1.400 klst.) og lokapróf
- Að minnsta kosti eitt erlent tungumál á B2/C1-stigi
- Hreint sakavottorð
- Leyfiskort eða merki, oft með gildistíma og endurnýjun

Dæmi

Grikkland	Tveggja ára ríkisnám (lög 4093/2012)
Ítalía	Landspróf í listasögu, sögu og tungumálum
Spánn	Hvert hérað setur reglur; leyfi oft til 5 ára
Frakkland	„Guide-conférencier“ í þjóðminjasöfnum

Viðurkenning milli landa: innan EES gildir tilskipun 2005/36/EB, en leyfi í einu landi veitir ekki sjálfkrafa réttindi í öðru.

Hvað þýðir þetta fyrir Ísland og leiðsögufólk?

Ísland er í „dauðafæri“ til að gera leiðsögn að viðurkenndu aðalstarfi sem hægt er að læra strax eftir stúdentspróf. – Björn J. Grímsson

1 **Sýnileiki menntunar**

Skrá eða vefsíða yfir menntað leiðsögufólk og merki borið við störf (Þýskaland, Austurríki, Malta, Portúgal).

2 **Nám á ensku**

Lönd sem vilja auka fagmennsku eru farin að kenna á ensku.

3 **Viðurlög á fyrirtæki**

Hollenska leiðin: sektir á fyrirtæki um fjórfaldar á við sektir á leiðsögumenn.

4 **Samstarf innan FEG**

Írland og Noregur standa næst okkur.

Félagsstarf, upplýsingamiðlun og samstarf

Félagsstarf og fræðsla

- Jólabókakvöld 2. desember 2025
- Stjörnu-Sævar: sólmyrkvinn í maí og norðurljós 17. september
- Rauði krossinn: verið að skoða útfærslur á námskeiðum sem henta okkur betur
- Formaður VR, formaður deildarinnar og starfsmaður VR heimsóttu kaffistofu við Geysi 7. júlí

Upplýsingamiðlun

- Facebook-hópur félagsfólks og vikuleg fréttaskot
- Veggspjöld og bæklingar með QR-kóða, dreift um landið
- Reglur um plastskírteini; 75 prentuð
- 480 félagar (483 í fyrra); 61 afskráð í hreinsun, raunfjölgun um 58
- touristguide.is lokað; önnur úrræði: Guide Connect og síða FEG, Tourist guide in Europe

Samstarf

- FEG: Björn Júlíus, skipaður úr stjórn Leiðsagnar, fór 2024 og aftur 2025 í millibilsástandi eftir sameiningu
- Í ár sendir stjórnin fulltrúa úr eigin röðum: Bryndís, varamaður í stjórn, í Portó 17.–22. nóv.
- Yfirlit yfir leyfi í Evrópu nýtt í starfsleyfisvinnu
- Fjórir fulltrúar á ASÍ-þingi 14.–16. október 2026

Fram undan: kjarasamningsviðræður

Stærsta verkefni nýrrar stjórnar. Undirbúningurinn verður í fjórum skrefum:

1

Kjaramálasvið VR

Byggt á þekkingu sviðsins á samningnum

2

Trúnaðarmenn

Unnið með trúnaðarmönnum á vinnustöðum þeirra

3

Grasrótin

Félagsfundur í febrúar, kringum 21. feb., um kröfugerð

4

SA og SAF

Í framhaldinu hefst samtal við atvinnurekendur

Auk þess í vinnslu

- Eftirfylgni með bókunum, gerviverktöku og veikindarétti
- Starfsleyfisskylda og starfslýsingar leiðsögufólks
- Könnun meðal félagsfólks · Vinnustaðaeftirlit 2027 · Afstaða til bílastæðagjalda
- Einar Sveinbjörnsson um veður og færð 18. nóv. · Jólabókakvöld 2. des. · Félagsfundur 21. feb. · Fyrirtækjaheimsóknir

Takk fyrir þátttökuna á árinu

Starfið byggir á ykkur

Takk fyrir að mæta, taka þátt og láta í ykkur heyra.

1 Fræðslukvöld

Jólabókakvöld, Stjörnu-Sævar og fleiri viðburðir.

2 Raunfærnimat

Félagsfólk sem fór í skimun og mat hjá Mími.

3 Facebook-hópurinn

Umræður, ábendingar og vikuleg fréttaskot.

Takk fyrir

Stjórn og varastjórn

Fyrir gott samstarf á árinu.

Jens, Hildur Þöll, Bára Kristín og Haraldur

Fyrir framlag sitt í stjórn deildarinnar.

Starfsfólk VR

Ekki síst Heiða, Kolbrún, Bryndís, Stefán og Halla.